


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2	Áfangaheiti HBFR1HH05 Námsáætlun vorönn 2016	

Kennari	Hannesína Scheving (hannesina@vma.is)	Sk.st.	HAN
----------------	--	---------------	------------

HBFR1HH05. Heilbrigðisfræði

Í áfanganum er heilbrigðishugtakið skilgreint. Lögð er áhersla á hlutverk og sögulega þróun heilbrigðisfræði og áhrif hennar á nútíma heilbrigðismál. Fjallað er um helstu heilbrigðisvandamál í nútíma samfélagi og forvarnir gegn þeim. Fjallað er um skipulag heilbrigðisþjónustunnar og helstu stofnanir, sem móta stefnu í forvörnum, heilsueflingu og heilbrigðisfræðslu. Einnig er fjallað um smitsjúkdómavarnir, kynsjúkdómavarnir, tóbaksvarnir, áfengis- og vímuefnavarnir, geðvernd, beinvernd og mæðra- og ungbarnavernd. Fjallað er um umhverfisheilbrigðisfræði og tengsl mengunar og sjúkdóma skoðuð ásamt helstu mengunarförnum. Áhersla er lögð á forvarnarstarf gegn sjúkdómum og slysum, áhættuþætti sem þeim tengjast og hvernig einstaklingar geta haft áhrif á eigið heilbrigði.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- heilbrigðishugtakinu
- sögulegri þróun heilbrigðisfræði og áhrifum á heilbrigðismál
- helstu heilbrigðisvandamálum í nútíma samfélagi og forvörnum gegn þeim
- uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- aðferðum og aðgerðum sem stuðla að heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu
- helstu umhverfisþáttum sem ógnað geta heilbrigði


Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lýsa uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi
- afla á fjölbreyttan hátt þekkingar um aðgerðir og aðferðir sem stuðla að slysavörnum, heilsueflingu og forvörnum sjúkdóma
- sýna í verki að hann tekur ábyrgð á eigin heilsu
- gera grein fyrir umhverfisþáttum sem geta ógnað heilbrigði manna

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra heilbrigðishugtakið út frá mismunandi menningarheimum
- greina samspil lífsstíls og heilsu
- greina eigin lífsstíl og áhættuþætti tengda honum
- álykta um áhrif heilbrigðisfræðinnar á þróun heilbrigðismála í nútímanum
- miðla á skapandi hátt upplýsingum um helstu heilbrigðisvandamál og forvarnir þeirra

Vika	Námsefni	Verkefni
2.vika	Kynning á efni áfangans og kennsluáætlun afhent	Tímaverkefni í hverri viku
3.vika	Kafli 1 Heilbrigði og sjúkdómar Kafli 2 Gætum að heilsunni	
4.vika	Kafli 3 Forvarnir og heilsuefling	
5.vika	Kafli 4 Heilbrigðisfræðsla	
6.vika	Kafli 5 Algengir sjúkdómar og forvarnir	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 2 af 2		
Áfangaheiti HBFR1HH05		
Námsáætlun vorönn 2016		

7.vika	Kaflí 6 Umhverfið og forvarnir	
8.vika	Kaflí 7 Slysavarnir	Annarpróf kaflar 1-7. Báðir meðtaldir
9.vika	Kaflí 8-9 Atvinnulífið og forvarnir, kynferði og kynlíf	
10.vika	Kaflí 10-11 Getnaðarvarnir, Barn í vændum	
11. vika	Kaflí 12-13 Forvarnarstarf meðal barna og unglínga. Lyf	
12. vika	Páskafri	
13-14.vika	Kaflí 14-15-16-17 Áfengi, tóbak, fíkniefni,	
15.vika	Kaflí 18 Líkamlegt hreinlæti	
16.vika	Kaflí 19-20 Örverur, smit og smitleiðir	
17. vika	Kaflí 21. Varnarkerfið.	
18.vika	Upprifjun og próf	

Ath: með vikunúmeri er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu INNU

Tegund	Námögögn
Bækur	Líf og heilsa. Höf.: Else Kari Bjerva, Reidum Haugen og Sigríð Stordal. Þýðð af Elísabetu Gunnarsdóttur. 1. útgáfa 2003.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf	Lokapróf	50%
Annarpróf	Eitt annarpróf um miðja önn úr köflum 1-7	20%
Glærufrirlestur	Nemendur gera frirlestur úr einum kafla efnisins og kynna fyrir samnemendum	10%
Ritgerð	Ein ritgerð úr efni sem tengist heilbrigði um miðja önn	10%
Vinnubók	Spurningum úr köflum skilað í vinnubók sem er skilað í lok annar	10%

Annað: til að ljúka áfanga þarf að ná 4.0 úr lokaprófi, taka annarpróf, skila ritgerð og vinnubók.

Athuga: ef aðstæður breytast gæti ég þurft að endurskoða áætlunina og réttur til þess er áskilinn.

Dagsetning: 26/1/16

Hannesarína Sel

Undirritun kennara

María T.

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils